



LÖG ÍSÍ UM LYFJAMÁL

Grein 9: Sjálfkrafa ógilding á árangri einstaklings

Brot á lögum þessum í einstaklingskeppni leiða sjálfkrafa til ógildingar á árangri einstaklingsins í viðkomandi keppni með öllum tilheyrandi afleiðingum, þar á meðal missir verðlaunapeninga, stiga og verðlaunafjár.

Athugasemd við grein 9: Þegar íþróttamaður vinnur gullverðlaun með bannað efni í líkama sínum, er það ósanngjarnt gagnvart öðrum íþróttamönnum í keppninni án tillit til þess hvort gullhafinn hafi átt sök á því eða ekki. Aðeins "hreinn" íþróttamaður má hagnast á árangri sínum í keppni.

Fyrir liðaiþróttir, sjá grein 11 (Afleiðingar fyrir lið).

Í íþróttum sem eru ekki liðaiþróttir en þar sem verðlaun eru veitt liðum, er árangur ógiltur eða liðinu refsað á annan hátt þegar einn eða fleiri meðlimir liðsins hafa brotið lyfjareglur, eins og kveðið er á um í gildandi reglum viðkomandi alþjóðasambands.